

Lyfjaskírteini - vinnuregla

Atomoxetín

ATC flokkur: N06BA09 - atomoxetín

Dagsetning: 1. febrúar 2020

Skilyrði fyrir greiðsluþátttöku:

- Truflun á virkni og athygli - ADHD (Attention Deficit Hyperactivity Disorder) **ICD-10 F90.0** eða eingöngu athyglisbrestur án ofvirkni.
- og
- Meðferð með metýlfenídat lyfjum hefur reynst ófullnægjandi eða er ekki valkostur vegna frábendinga og/eða aukaverkana.

Greiningin á ADHD skal framkvæmd samkvæmt klínískum leiðbeiningum Embættis landlæknis (http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item23317/ADHD%20lokaútgafa_2014.pdf) af sérfræðingi sem hefur sérhæft sig í greiningu á ADHD.

Fyrsta umsókn fyrir einstaklinga með ADHD skal gerð af geðlækni, barna- og unglíngageðlækni eða barnalækni með sérþekkingu á þroskaröskun barna og unglínginga.

Í umsókn skal koma fram hvaða athugunum og rannsóknum greiningin byggist á, þ.m.t. sjúkrasaga einstaklings, rannsóknir, greiningartæki, hvernig eftirfylgd er háttað og fyrirhugaður dagsskammtur.

Þegar sótt er um lyfjaskírteini er lyfjanotkun viðkomandi skoðuð með tilliti til notkunar á m.a. svefn-, kvíðastillandi- og sterkum verkjalyfjum.

Þegar lyfjanotkun er umfram ráðlagða dagsskammta eða verið er að nota mörg svefn-, kvíðastillandi og verkjalyf þarf sérstök rök fyrir þeirri notkun. Í ofangreindum tilfellum getur lyfjagæild Sí óskað eftir mati geðlæknis með sérþekkingu á ADHD.

Gildistími:

5 ár